




STEINSHOLT



AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJARÐAR 2012-2030

Breytingar á aðalskipulagi – ferðaþjónusta og verslun og þjónusta

4.9.2017



EFNISYFIRLIT

1	ALMENNT	3
1.1	Forsendur og tilgangur breytinga	4
1.2	Tengsl við aðrar áætlanir	5
1.2.1	Landsskipulagsstefna	5
1.2.2	Gildandi aðalskipulag	5
1.3	Staðhættir	6
1.4	Minjar	6
1.5	Veitur	7
2	MÁLSMEDFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR	7
2.1	Skipulags- og matslýsingarstig	7
2.2	Umsagnaraðilar	7
2.3	Samþykkt ráðuneytis	7
2.4	Matsskyldar framkvæmdir	7
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	8
3.1	Breyting á uppdráttum	8
3.2	Breyting í greinargerð	8
3.3	Uppdrættir	9
4	UMHVERFISSKÝRSLA	10
4.1	Valkostir	11
4.2	Niðurstaða sveitarstjórnar	15

TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1.	Yfirlit yfir stöðu gistirýma í sveitarfélaginu út frá fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum frá HAUST.	4
Tafla 2.	Skilgreining á vægi áhrifa.	10
Tafla 3.	Umhverfisþættir og helstu matsspurningar ásamt viðmiðum.	10
Tafla 4.	Umhverfisþættir sem aðalskipulagsbreytingin hefur áhrif á.	12


1 ALMENNT

Sveitarstjórn leggur fram tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 1238/2010. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 var samþykkt í bæjarstjórn þann 3. apríl 2014 og staðfest af Skipulagsstofnun þann 18. september 2014.

Tillaga að breyttu skipulagi snýr að uppbyggingu ferðapjónustu á ellefu svæðum innan sveitarfélagsins. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru að jafnaði endurgerð núverandi mannvirkja og eftir atvikum viðbætur við hús eða sérstæðar byggingar í tengslum við núverandi byggingar.

Breytingarnar eru á eftirfarandi svæðum:

1. Hvammur í Lóni
2. Þorgeirsstaðir í Lóni
3. Horn í Nesjum
4. Sauðanes í Nesjum
5. Hafnarnes- Höfn
6. Skjólshólar í Nesjum
7. Birkifell í Nesjum
8. Nýpugarðar á Mýrum
9. Flatey á Mýrum
10. Suðurhús í Suðursveit
11. Leiti í Suðursveit



MYND 1. Sjá má á uppdrættinum staðsetningu svæðanna ellefu innan sveitarfélagsins.

Í gildandi skipulagi eru heimildir skilgreindar sem fjöldi gistirýma en í breytingartillögu verða skilgreindar heimildir fyrir fjölda gesta í stað gistirýma. Fjöldi gesta er mun heppilegri mælikvarði til að ákvarða heimildir til uppbyggingar þar sem gistirými er skilgreint sem herbergi, án tillits til stærðar eða fjölda þeirra sem þar gista. Í vinnslu er endurskoðun á ferðamálafla aðalskipulagsins og verður þessi breyting gerð fyrir allt sveitarfélagið í þeirri vinnu.

1.1 Forsendur og tilgangur breytinga

Sveitarfélagið Hornafjörður er landstórt sveitarfélag sem er þess kostum gætt að hafa fjölmarga áhugaverða staði fyrir ferðmenn sem skilgreindir eru sem seglar í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Aðalskipulag sveitarfélagsins er ekki gamalt en sú hraða þróun sem orðið hefur vegna aukins fjölda ferðamanna til sveitarfélagsins kallar á breytingar á skipulaginu, m.a. til að anna eftirspurn fyrir gistingu. Breytingarnar sem um ræðir taka aðallega á heimildum fyrir gistingu og veitingasölu.

Framboð á gistingu í sveitarfélaginu er fjölbreytt allt frá hótélum yfir í heimagistingu. Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu Hornafirði í desember 2016 voru alls 979 gistirými í sveitarfélaginu auk nokkurra gististaða þar sem fjöldi gistirýma er ekki gefinn upp. Ósamræmi er í þesum tölum miðað við umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands (HAUST) við skipulagslýsingu. Stofnunin benti á að útgefin eru 5 starfsleyfi fyrir hótél með samtals 617 gistirými og á eftirlitsskrá HAUST eru skráð 34 heimagistingar. Í töflu nr. 1 má sjá yfirlit yfir tegund gistingar, fjölda þeirra og fjölda gistirýma uppfærða frá lýsingarstigi miðað við upplýsingar frá HAUST. Sveitarfélagið horfir til þeirra talna sem HAUST gefur upp því þar er skýrt hvaða gistinguþjónusta hefur tilskilin leyfi frá HAUST.

TAFLA 1. Yfirlit yfir stöðu gistirýma í sveitarfélaginu út frá fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum frá HAUST.

TEGUND GISTINGAR	FJÖLDI	GISTIRÝMI
Hótél	5	512
Gistiheimili	25	308
Heimagisting	34	22 aðeins 4 gefa upp gistirýmafjölda
Farfuglaheimili, gistihús og svefnpokapláss	9	99
Íbúðir	12	29 herbergi
Tjaldstæði	8 - Skaftafelli, Svínafelli, Gerði, Hrollaugsstöðum, Stafafelli, Haukafelli, við Horn og á Höfn	-

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni var heildarfjöldi gistinátta í sveitarfélaginu Hornafirði rúmlega 267.500 árið 2015. Töluverður munur er á skráðum fjölda gistinátta og upplýsingum í skýrslu sem unnin var af Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf (RRF) um ferðamenn í Austur-Skaftafellssýslu 2004-2015. Skýrslan byggir á ýmsum könnunum meðal ferðamanna sem RRF hefur unnið, en þar voru erlendar gistinætur í Austur-Skaftafellssýslu áætlaðar 392.000 árið 2015, eða um 4,5% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár. Samkvæmt tölum RRF er mikil fjölgun ferðamanna árið 2016.

Í skýrslu Ferðamálastofu „Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum, maí 2016“ má finna mikilvægar tölur um gistinætur fyrir landið í heild og eftir landsvæðum. Sveitarfélagið Hornafjörður tilheyrir Austurlandi í þessum tölum en aftur á móti er sveitarfélagið aðili að Markaðsstofu Suðurlands. Það er óheppilegt að flokka Hornafjörð með Austurlandi og gefur ekki rétta mynd af nýtingu gistirýma þar sem sveitarfélagið fær talsverðan hluta ferðamanna sem fara um Suðurland.

Helstu tölur úr skýrslu Ferðamálastofu varðandi nýtingu gistirýma yfir allt árið á Austurlandi árið 2014 var að á svæðinu var 35% nýting og var fjöldi gistirýma 1.445. Árið 2015 hækkaði hlutfallið upp í 40% nýtingu. Yfir hásumar fór nýtingin árið 2015 upp í rúmlega 90%. Tölnar fyrir árið 2017 munu hækka

og finnur sveitarfélagið fyrir aukinni eftirspurn fyrir heilsárs- gistirýmum af öllum toga og þá sérstaklega í kringum fjölsóttustu ferðamannastaðina.

Vinna við endurskoðun ferðamálakafla aðalskipulagsins er í vinnslu þar verður ítarlegar farið yfir forsendur og tölfræði varðandi ferðaþjónustuna og þá starfsemi sem henni fylgir.

1.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Við vinnslu þessara breytinga hefur verið horft til eftirfarandi áætlana:

1.2.1 Landsskipulagsstefna

Í landsskipulagsstefnunni eru settar fram áherslur varðandi ferðaþjónustu sem sveitarfélagið þarf að horfa til.

„4.1 Ferðaþjónusta á grunni sérstöðu og umhverfisgæða.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Skipulagsákvæðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðaþjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum.“

Sérstaða Hornafjarðar er að sveitarfélagið er landstórt með fjölda segla í ferðaþjónustunni. Breytingarnar eru til þess gerðar að dreifa ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og að tryggja þjónustu fyrir ferðamenn í gengum allt sveitarfélagið. Oft er langt á milli gististaða eins og staðan er í dag og hefur verið skortur á gistirýmum innan ákv. svæða. Breytingarnar stuðla að því að bændur í sveitarfélaginu geti styrkt stöðu sína með ferðaþjónustu sem er m.a. markmið gildandi aðalskipulags. Breytingarnar eru í taldar í samræmi við setta stefnu varðandi ferðaþjónustu í dreifbýli skv. landsskipulagsstefnu.

1.2.2 Gildandi aðalskipulag

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er eitt megin stefnumarkmiðið eftirfarandi:

„Stefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar er að auka þátt ferðaþjónustu í atvinnulífi og menningu í sveitarfélaginu og að aðalskipulag stuðli að því.“

Í gildandi aðalskipulagi er stefna um uppbyggingu vegna ferðaþjónustu eftirfarandi:

„Stefna aðalskipulagsins er að ferðaþjónusta í sveitum Hornafjarðar verði aukin og eftir atvikum samþætt landbúnaði á lögbýlum.

Ferðaþjónusta, svo sem gisting og greiðasala, innan tiltekinna stærðarmarkna meðfram búskap, skal teljast hluti landbúnaðar á lögbýlum, allt að 16 gistirými.

Þar sem umfangsmeiri starfsemi er áformuð, 17 gistirými eða fleiri eru skilgreind „verslunar- og þjónustusvæði“. Þetta á meðal annars við um nokkra staði þar sem er gert ráð fyrir hótélrekstri í sveitum.

Stóra gististaði þarf að staðsetja með tilliti til landslags, byggðarmynsturs, samgangna og samlegðaráhrifa fyrir samfélag og markmið um sjálfbærni höfð að leiðarljósi. Undirbúa þarf þessa

mannvirkjagerð af kostgæfni og vanda hana – byggingarlag, efnisval og allar lausnir þannig að hún samsvari og sómi því umhverfi sem hún verður hluti af.

Stefna um uppbyggingu þessa er:

- *Að hún að hún falli að byggðarmynstri.*
- *Að hún sé í samhengi við staði þar sem hefur verið búseta, eða tengist bæjarhlöðum og myndi eftir atvikum samfelli með byggð sem þegar stendur, og sé víkjandi í landslagi.*
- *Að hún taki mið af staðarvals- og byggingarhefð sveitanna ef byggt er þar sem ekki er byggð fyrir.*
- *Að vandað sé til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds, úrlausnir séu ekki byggðar á óvönduðum bráðabirgðaaðgerðum.*
- *Að hún taki tillit til landgæða – túna og ræktarlands og spilli þeim ekki og gætt umhverfissjónarmiða við ráðstafanir vegna vatnsöflunar og fráveitu.*
- *Að í undirbúningi hennar séu gerð grein fyrir áhrifum hennar á frekari uppbyggingu og breytingar á landnotkun.*
- *Að samræma hana með tilliti til samlegðaráhrifa hennar innan sveitarfélagsins.*

Þar sem umfangsmikil tjaldstæði eru rekin eða áformuð eru skilgreind svæði fyrir „afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Í gildandi stefnu sveitarfélagsins er gert ráð fyrir meginseglum í ferðaþjónustu og áhersla verði á uppbyggingu í tengslum við þá en einn liður í því er að tryggja þjónustu m.a. gistingu við þessa segla. Breytingarnar eru í samræmi við þá stefnu að þar sem fleiri en 17 gistirými eru skilgreind skal sú starfsemi vera á verslunar- og þjónustusvæði. Horft var til umhverfisstefnu sveitarfélagsins en þar eru áhersluþættir varðandi ferðaþjónustuna og að sjálfsögðu náttúruvernd. Áherslur í umhverfisstefnu eru í samræmi við setta stefnu í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Breytingarnar eru í samræmi við setta stefnu sveitarfélagsins um að efla ferðaþjónustu m.a. með því að samþætta hana við landbúnað.

Ekki er búið að flokka landbúnaðarland í sveitarfélaginu en slíkt er fyrirhugað við næstu heildar endurskoðun aðalskipulags. Umrædd svæði sem breyta á landnotkun á eru ekki notuð til ræktunar né talin ákjósanlegt til þess.

1.3 Staðhættir

Umfjöllun um staðhætti eru á uppdrætti fyrir hverja og eina breytingu sem finna má aftar í þessari greinargerð. Þar sem um ræðir breytingar á landnotkun á eða við bæjarhlöð er að jafnaði ekki gerð grein fyrir staðháttum s.s. gróðri og jarðfræði heldur gerð grein fyrir þeirri uppbyggingu sem þegar er á lögbýlunum. Skerðing ræktarlands er óveruleg við breytingarnar.

1.4 Minjar

Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að skráning minja sé ekki lokið fyrir allt sveitarfélagið. Eftirfarandi kemur fram í greinargerðinni:

„Sveitarfélagið mun í samráði við Minjastofnun Íslands vinna að skráningu fornleifa á skipulagstímabilinu. Skráningu verður áfangaskipt og svæðum þar sem áform eru um mannvirkjagerð forgangsraðað fremst, t.d. þar sem áform eru um uppbyggingu miðstöðva og lykilstaða vegna ferðaþjónustu.“

Skráning minja á þessum svæðum sem breytingarnar taka til skal gerð á deiliskipulagsstig. Hvammur er eina svæðið af þessum ellefu þar sem minjar hafa verið skráðar í tengslum við deiliskipulagsgerð. Gerð er grein fyrir á uppdráttunum stöðu minja á svæðunum og nærliggjandi svæðum ef við á.

1.5 Veitur

Vatn verður sótt úr viðurkenndum vatnslindum sem samþykktar hafa verið af Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Fyrirkomulega fráveitu verður ákveðin og nánar skilgreind í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Austurlands við gerð deiliskipulags fyrir hvert svæði.

2 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

2.1 Skipulags- og matslýsingarstig

Skipulags- og matslýsing var tekin fyrir í skipulagsnefnd þann 05.04.2017 og kynnt frá 11.04.2017 til 03.05.2017. Umsagnir á lýsingarstigi bárust frá: Skipulagsstofnun, HAUST, Náttúrufræðistofnun Íslands, Minjastofnun Íslands og Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

2.2 Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar við þessar breytingar eru;

- Vatnajökulspjóðgarður
- Umhverfisstofnun (UST)
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST)
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
- Veðurstofan
- Skógrækt ríkisins
- Ferðamálastofa
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Landvernd

2.3 Samþykkt ráðuneytis

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið sendi bréf til sveitarfélagsins dagsett þann 19. apríl 2017. Í bréfinu heimilar ráðuneytið að breyta landnotkun á þessum svæðum úr landbúnaðarlandi í aðra landnotkun. Vísar ráðuneytið til 6. gr. jarðalaga nr. 81/2014.

2.4 Matsskyldar framkvæmdir

Innan þessara ellefu breytinga eru fyrirhuguð tjaldstæði í landi Þorgeirsstaða, Horni og Flatey. Öll svæðin eru innan við 10 ha. Þessi tjaldstæði falla því undir tölulið 12.07 í lögum um mat á

umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og eru því tilkynningaskyldar framkvæmdir til sveitarfélagsins skv. C flokki. Einnig getur verið að einhverjar af framkvæmdunum falli undir tölulið 12.05 um orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis. Til þessa að hægt sé að segja til um slíkt verða að liggja nákvæmari upplýsingar um hvert og eitt svæði m.a. hvað varðar umfanga uppbyggingar og tengdra framkvæmda.

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Breytingarnar felast í því að landnotkun á svæðunum er breytt úr landbúnaðarlandi í verslun- og þjónustu á einum stað er landnotkun breytt úr landbúnaði í afþreyingar- og ferðamannasvæði.

3.1 Breyting á uppdráttum

Í kafla 3.3. er gerð nánari grein fyrir hverri breytingu, þ.á.m. þeim breytingum sem verða á uppdrætti.

3.2 Breyting í greinargerð

Breytingarnar verða færðar inn í töflu 16.2 *Verslun og þjónusta í Nesjahverfum og sveitunum* sem finna má á blaðsíðu 39 í gildandi aðalskipulagi einnig verður bætt við töflu 22.2 *Afþreyingar- og ferðamannasvæði í Lóni* sem finna má á blaðsíðu 53 í sömu greinargerð.



3.3 Uppdrættir

Almennt

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á hluta lögbýlis úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 5 ha svæði. Breytingin er gerð til að heimila gistingu fyrir allt að 40 gesti ásamt þjónustuhúsi og verslun.

Staðhættir og aðkoma

Hvammur er lögbýli með fasta búsetu. Á landinu er íbúðarhús, hlöður, fjárhús, fjós o.fl. sem tilheyrir búrekstri. Býlið stendur austan undir Hvammsheiði, í hlíð sem hallar mót austri. Skráð ræktarland er 29,7 ha. Skerðing ræktarlands verður óveruleg. Aðkoma að svæðinu er frá þjóðvegi nr. 1

Minjar

Á jörðinni hafa minjar þegar verið skráðar og skal taka tillit til skráningarinnar við deiliskipulagsgerð. Ef áður ókunnar fornminjar finnast skal strax haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.


Breyting á uppdrætti

Breyting er gerð á skipulagsuppdrætti Nes – Lón. Fært hefur verið inn á uppdrátt hringtákn fyrir landnotkunina verslun- og þjónusta.


Breyting í greinargerð

Á blaðsíðu 39 í gildandi aðalskipulagi er bætt eftirfarandi línu við í töflu 16.1


VP nr.	Staður, starfsemi og umfang*
VP 34	Hvammur. Ferðaþjónusta, gisting, þjónustuhús og verslun. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 40 gesti. Hringtákn ~ 5ha.



Fyrir breytingu, mkv. 1:50.000



Eftir breytingu, mkv. 1:50.000



Hluti af sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

	Stofnvegir		Verslun og þjónusta [VP]
	Tengivegir		Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
	Aðrir vegir		Fristundabyggð [F]
	Hjólreiða, göngu- og reiðstígar		Landbúnaðarsvæði [L]
	Rafveita		Skógræktar og landgræðslusvæði [SL]
	Fjarskipti		Óbyggð svæði [OE]
	Ljósleiðari		Vötn, ár og sjór [V]
			Önnur náttúruvernd [ON] númer vísar til skráningar
			Hverfisvernd [HV]

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd:

þann _____ 2017

Bæjarstjórn:

þann _____ 2017

Tillagan var auglýst frá _____ 2017

með athugasemdafresti til _____ 2017

(undirskrift)

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32.gr.skipulagslaga nr.123/2010 þann _____

Aðalskipulag 1. Hvammur í Lóni

Tillaga		V01	
Skipulagsteikning dgn	Malkvarði 1:50.000	Staðarstærð A3	Tekning nr. 001
Úmið fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð	Dagsetning 04.09.2017	Teknað af JH/EDÞ	

Almennt

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á hluta lögbýlis úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 3 ha svæði. Á um 1 ha svæði verður landnotkun breytt úr landbúnaðarlandi í afþreyingar- og ferðamannasvæði. Breytingin er gerð til að heimila gistingu fyrir allt að 60 gesti ásamt þjónustu.

Staðhættir og aðkoma

Þorgeirsstaðir er lögbýli með fastri búsetu á býlinu. Á svæðinu er íbúðarhús auk útihúsa. Skráð ræktarland er 25,8 ha. Engin mannvirki eru fyrir á svæðinu sem fyrirhugað er að byggja upp tjaldstæði ásamt þjónustuhúsi á. Fyrirhugað þjónustusvæði er á lítt gróin melasvæði með graslendi í lægðum, sbr. vistgerðaflokkun NÍ. Landið ekki talið ákjósanlegt til ræktunar.

Minjar

Engar skráðar minjar eru á svæðinu eða nærliggjandi svæðum. Ef áður ókunnar fornminjar finnast skal strax haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Breyting á uppdrætti

Breyting er gerð á skipulagsuppdrætti Nes – Lón. Fært hefur verið inn á uppdrátt hringtákn fyrir landnotkunina verslunar- og þjónusta og annað hringtákn fyrir afþreyingar og ferðamannasvæði.

Breyting í greinargerð


Á blaðsíðu 39 í gildandi aðalskipulagi er bætt eftirfarandi línu við í töflu 16.1.

VÞ nr.	Staður, starfsemi og umfang*
VÞ 35	Þorgeirsstaðir. Ferðaþjónusta, gisting og þjónusta. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 60 gesti. Hringtákn ~ 3ha.


Á blaðsíðu 59 í gildandi aðalskipulagi er bætt eftirfarandi línu við í töflu 22.2.

AF-nr.	Svæði	Lýsing
AF 25	Þorgeirsstaðir – Hringtákn ~ 1ha	Tjaldstæði, þjónustubygging. Nánari útfærsla í deiliskipulagi.


Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32.gr.skipulagslaga nr.123/2010 þann _____



Fyrir breytingum mkv. 1:50.000



Eftir breytingu, mkv. 1:50.000



Hluti af sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

	Stofnvegir		Verslun og þjónusta [VP]
	Tengivegir		Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
	Aðrir vegir		Landbúnaðarsvæði [L]
	Hjólreiða, göngu- og reiðstígar		Skógræktar og landgræðslusvæði [SL]
	Rafveita		Óbyggð svæði [OB]
	Fjarskipti		Vötn, ár og sjór [V]
	Ljósleiðari		Afþreyingar- og ferðamannasvæði [AF]
	Búsetuminjar- hverfisvernd staðir og minjar, mikilvægir fyrir byggingarsögu		Hverfisvernd [HV]

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd:

þann _____ 2017

Bæjarstjórn:

þann _____ 2017

Tillagan var auglýst frá _____ 2017

með athugasemdafresti til _____ 2017

(undirskrift)



Aðalskipulag 2. Þorgeirsstaðir í Lóni

Tillaga		V01	
Skipulagstælling.dgn	Malkvæði 1:50.000	Staðarö A3	Tekning nr. 002
Unnið fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð	Dag. 04.09.2017	Tilknað af JH/EDÞ	



Almennt

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á þremur stöðum innan lögbýlisins úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á allt að 10 ha svæði. Breytingin er gerð til að heimila gistingu fyrir allt að 120 gesti ásamt tjaldstæði og þjónustuhúsi með veitingar.

Staðhættir og aðkoma

Horn er lögbýli með fastri búsetu, á býlinu er íbúðarhús, hesthús, geymsla og skemma. Horn stendur um 4 km austan hringvegjar þar sem hann liggur í göngum undir Almannaskarð. Þar var áður allnokkur búskapur en rekin hefur verið ferðaþjónusta um skeið á á jörðinni. Jörðin er stór, fjalllendi mikið og fjörusandar er nær dregur sjó. Land allvel gróið milli fjalls og fjöru, aðallega graslendi með mýrardeigjum á milli. Stór hluti jarðarinnar er á náttúruminjaskrá svæði nr. 653. Fyrirhugað framkvæmdasvæði verður þrískipt, tjaldsvæði, þjónustubygging og veitingarekstur verður á býlinu en gert ráð fyrir gistingu á tveim svæðum, annars vegar norður frá bænum en hins vegar norðvestan bæjar, með núverandi heimreið að bænum. Skráð ræktarland á jörðinni er 4,5 ha. Óveruleg skerðing verður á ræktarlandi.

Minjar

Engar skráðar minjar eru á svæðinu eða nærliggjandi svæðum. Ef áður ókunnar fornminjar finnast skal strax haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Breyting á uppdrætti


Breyting er gerð á skipulagsuppdrætti Nes – Lón. Færð hafa verið inn á uppdrátt þrjú hringtákn fyrir landnotkunina verslun- og þjónusta.

Breyting í greinargerð


Á blaðsíðu 39 í gildandi aðalskipulagi er bætt eftirfarandi línu við í töflu 16.1.

VP nr.	Staður, starfsemi og umfang*
VP 36	Horn. Ferðaþjónusta, gisting, tjaldstæði, þjónustuhús með veitingum. Uppbygging skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 120 gesti. Hringtákn allt að 10 ha samtals sem skiptist á þrjú svæði innan jarðarinnar.


Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32.gr.skipulagslaga nr.123/2010 þann _____



Fyrir breytingu, mkv. 1:50.000



Eftir breytingu, mkv. 1.50.000



Hluti af sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

	Stofnvegir		Verslun og þjónusta [VP]
	Tengivegir		Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
	Aðrir vegir		Landbúnaðarsvæði [L]
	Jarögöng		Skógræktar og landgræðslusvæði [SL]
	Hjólreiða, göngu- og reiðstígar		Óbyggð svæði [OB]
	Rafveita		Strandsvæði [ST]
	Fjarskipti		Vötn, ár og sjór [V]
	Ljósleiðari		Varnar- og öryggissvæði [VO]
	Búsetuminjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fornleifalista		Önnur náttúruvernd [ON] númer visar til skráringar

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd: þann _____ 2017

Bæjarstjórn: þann _____ 2017

Tillagan var auglýst frá _____ 2017

með athugasemdafresti til _____ 2017

(undirskrift)

 **Aðalskipulag 3. Horn í Nesjum**

Tillaga		V01	
Skipulagsgættning.dgn	Málkvæði 1:50.000	Staðarö A3	Tölking nr. 003
Unnið fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð	Dagp. 04.09.2017	Tölknað af JH/EDÞ	

  **VERKFRÆÐISTOFA**

Almennt

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á hluta lögbýlis úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 1 ha svæði. Breytingin er gerð til að heimila gistingu fyrir allt að 30 gesti í núverandi húsakosti sem er á lögbýlinu.

Staðhættir og aðkoma

Sauðanes er lögbýli á jörðinni er íbúðarhús, hesthús, hlöður, votheysturn, gripahús og verkfærageymsla. Land flatlent vel gróið og mikið ræktað. Skráð ræktarland er 32,9 ha. Ræktað land skerðist lítillaga.

Minjar

Engar skráðar minjar eru á svæðinu eða nærliggjandi svæðum. Ef áður ókunnar fornminjar finnast skal strax haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.


Breyting á uppdrætti

Breyting er gerð á þéttbýlisuppdrætti Höfn/ Nesjahverfi. Fært hefur verið inn á uppdrátt hringtákn fyrir landnotkunina verslun- og þjónusta.


Breyting í greinargerð

Á blaðsíðu 39 í gildandi aðalskipulagi er bætt eftirfarandi línu við í töflu 16.1.


VÞ nr.	Staður, starfsemi og umfang*
VÞ 37	Sauðanes. Ferðapjónusta, gisting í núverandi húsakosti. Allt að 30 gesti. Hringtákn ~ 1ha



Fyrir breytingu, mkv. 1:15.000



Eftir breytingu, mkv. 1:15.000. Sjá má einnig á uppdrætti breytingar VÞ 42 sem einnig er í ferli.



Hluti af þéttbýlisuppdrætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

	Stofnvegir		Íbúðarbyggð [Ib]
	Tengivegir		Verslun og þjónusta [VP]
	Aðrir vegir		Efnistöku og efnislausarsvæði [E]
	Hjólreiða, göngu- og reiðstígar		Landbúnaðarsvæði [L]
	Rafveita		Skógræktar og landgræðslusvæði [SL]
	Fjarskipti		Óbyggð svæði [Oe]
	Ljósleiðari		Strandsvæði [ST]
	Búsetuminjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fornleifalista		Vötn, ár og sjór [V]
			Önnur náttúruvernd [ÖN] númer visar til skráningar

SAMPYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd:

þann _____ 2017

Bæjarstjórn:

þann _____ 2017

Tillagan var auglýst frá _____ 2017

með athugasemdafresti til _____ 2017

(undirskrift)

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32.gr.skipulagslaga nr.123/2010 þann _____

Aðalskipulag 4. Sauðanes í Nesjum

Tillaga		V01	
Skipulagstekning.dgn	Málkvæði 1:15.000	Staðarö A3	Tekning nr. 001
Unnið fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð	Dagp. 04.09.2017	Töknaf JH/EDÞ	

Almennt

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á allt að 1 ha svæði á hluta lögbýlisins úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði. Breytingin er gerð til að heimila ferðapjónustu á svæðinu fyrir allt að 60 gesti og 5 starfsmenn.

Staðhættir og aðkoma

Lögbýli með fasta búsetu, á jörðinni er íbúðarhús. Skipulagssvæði er skammt vestan Hafnarvegjar, land nokkuð slétt, vel gróið gras- og mólendi. Jörðin er í eigu sveitarfélagsins.

Minjar

Á jörðinni eru skráðar búsetuminjar sem hafa verið settar undir hverfisvernd. Taka skal tillit til skráningarinnar við deiliskipulagsgerð. Ef áður ókunnar fornminjar finnast skal strax haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.


Breyting á uppdrætti

Breyting er gerð á þéttbýlisuppdrætti Höfn – Nes. Fært hefur verið inn á uppdrátt hringtákn fyrir landnotkunina verslun- og þjónusta.


Breyting í greinargerð

Á blaðsíðu 39 í gildandi aðalskipulagi er bætt eftirfarandi línu við í töflu 16.1.


VP nr.	Staður, starfsemi og umfang*
VP 40	Hafnarnes. Ferðapjónusta, gisting og aðstaða fyrir starfsmenn. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 60 gesti auk aðstöðu fyrir 5 starfsmenn. Hringtákn ~ 750 m ² .



Fyrir breytingu, mkv: 1:15.000.



Eftir breytingu, mkv: 1:15.000. Sjá má einnig á uppdrætti breytingar VP 42 sem einnig er í ferli.



Hluti af sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Hjólfreiða, göngu- og reiðstígar
- Rafveita
- Fjarskipti
- Ljósleiðari
- Ⓡ Búsetuminjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fornleifalista
- Verslun og þjónusta [VP]
- Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
- Íbúðarbyggð [IE]
- Landbúnaðarsvæði [L]
- Vötn, ár og sjór [V]
- Strandsvæði [ST]
- Önnur náttúruvernd [ON] númer visar til skráningar

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd: þann _____ 2017

Bæjarstjórn: þann _____ 2017

Tillagan var auglýst frá _____ 2017

með athugasemdafresti til _____ 2017

(undirskrift)

Aðalskipulag
5. Hafnarnes - Höfn

Tillaga		V01	
Skipulagstekning.dgn	Malkvæði 1:15.000	Stöðnúmer A3	Tökningsnúmer 001
Umfið fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð	Dagur 04.09.2017	Töknunarfyrirgjafi JH/EDP	

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32.gr.skipulagslaga nr.123/2010 þann _____

Almennt

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á hluta lands úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 4 ha svæði. Breytingin er gerð til að heimila gistingu fyrir um 60 gesti.

Staðhættir og aðkoma

Skjólshólar tilheyra lögbýli með fastri búsetu á býlinu. Skráð ræktarland er 4 ha.

Minjar

Engar skráðar minjar eru á svæðinu eða nærliggjandi svæðum. Ef áður ókunnar fornminjar finnast skal strax haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.


Breyting á uppdrætti

Breyting er gerð á þéttbýlisuppdrætti Höfn/ Nesjahverfi. Fært hefur verið inn á uppdrátt svæðisafmörkun fyrir landnotkunina verslun- og þjónusta..


Breyting í greinargerð

Á blaðsíðu 39 í gildandi aðalskipulagi er bætt eftirfarandi línu við í töflu 16.1.

VP nr.	Staður, starfsemi og umfang*
VP 42	Skjólshólar. Ferðaþjónusta, gisting í gistihúsum fyrir allt að 60 gesti. Svæðisafmörkun ~ 4 ha.



Fyrir breytingu, mkv: 1.15.000.



Eftir breytingu, mkv: 1.15.000.



Hluti af sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

	Stofnvegir		Íbúðarbyggð [Ib]
	Tengivegir		Verslun og þjónusta [Vp]
	Aðrir vegir		Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
	Hjólreiða, göngu- og reiðstígar		Landbúnaðarsvæði [L]
	Rafveita		Skógræktar og landgræðslusvæði [Sl]
	Fjarskipti		Óbyggð svæði [Ob]
	Ljósleiðari		Strandsvæði [St]
	Búsetumínjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fornleifalista		Vötn, ár og sjór [V]
			Önnur náttúruvernd [On] númer visar til skráningar

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd:

þann _____ 2017

Bæjarstjórn:

þann _____ 2017

Tillagan var auglýst frá _____ 2017

með athugasemdafresti til _____ 2017

(undirskrift)

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32.gr.skipulagslaga nr.123/2010 þann _____



Aðalskipulag 6. Skjólshólar

Tillaga		V01
Skipulagstekning.dgn	Málkvæði 1:15.000	Staðarö A3
Úmið fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð	Dag. 04.09.2017	Tekning nr. 001
		Teknað af JH/EDÞ



Almennt

Breytingin er gerð til að heimila ferðþjónustu í núverandi húsi og gestahúsum sem fyrir eru á svæðinu.

Staðhættir og aðkoma

Birkifell er 3,5 ha lóð stofnuð úr landi Hoffell. Lóðin er með einbýlishúsi og frístundarhúsi. Rekin er ferðþjónusta í núverandi byggingum og gert er ráð fyrir stækkun og nýjum byggingum í tengslum við núverandi rekstur. Ræktað land skerðist ekki. Aðkoma að svæðinu er frá hringvegi.

Minjar

Engar skráðar minjar eru á svæðinu eða nærliggjandi svæðum. Ef áður ókunnar fornminjar finnast skal strax haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.


Breyting á uppdrætti

Breyting er gerð á skipulagsuppdrætti Nes – Lón. Fært hefur verið inn á uppdrátt hringtákn fyrir landnotkunina verslun- og þjónusta.


Breyting í greinargerð

Á blaðsíðu 39 í gildandi aðalskipulagi er bætt eftirfarandi línu við í töflu 16.1


VP nr.	Staður, starfsemi og umfang*
VP 45	Birkifell. Ferðþjónusta, gisting. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 20 gestir. Hringtákn ~ 3,5ha



Fyrir breytingu, mkv: 1.50.000



Eftir breytingu, mkv: 1:50.000



Hluti af sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

	Stofnvegir		Verslun og þjónusta [VP]
	Tengivegir		Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
	Aðrir vegir		Frístundabyggð [F]
	Hjólreiða, göngu- og reiðstígar		Afþreyingar- og ferðamannasvæði [AF]
	Rafveita		Landbúnaðarsvæði [L]
	Fjarskipti		Skógræktar og landgræðslusvæði [SL]
	Ljósleiðari		Óbyggð svæði [ÓB]
	Búsetumínjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fornleifalista		Vötn, ár og sjór [V]
			Friðlýst svæði [FS]

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd:

þann _____ 2017

Bæjarstjórn:

þann _____ 2017

Tillagan var auglýst frá _____ 2017

með athugasemdafresti til _____ 2017

(undirskrift)

 **Aðalskipulag 7. Birkifell í Nesjum**

Tillaga		V01	
Skipulagstælling.dgn	Málkvæði 1:50.000	Staðaró A3	Tekning nr. 001
Unnið fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð	Dagsetning 04.09.2017	Tilnefni af JH/EDÞ	



Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32.gr.skiplagslaga nr.123/2010 þann _____

Almennt

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á hluta lögbýlis úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 3 ha svæði. Breytingin er fyrirhuguð til að heimila gistingu fyrir allt að 60 gesti ásamt greiðasölu.

Staðhættir og aðkoma

Lögbýli með fastri búsetu, á jörðinni er íbúðarhús, svínahús, geymsla og gistihús. Jörðin er flatlend og vel gróin, mikið til graslendi með deiglendi/votlendi norðan til en sunnan til eru flæður/strandlendi sbr. vistgerðaflokkun NÍ. Skráð ræktarland er 6 ha. Skerðing ræktarlands verður óveruleg, þó byggð verði ný hús.

Minjar

Engar skráðar minjar eru á svæðinu eða nærliggjandi svæðum. Ef áður ókunnar fornminjar finnast skal strax haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Breyting á uppdrætti


Breyting er gerð á skipulagsuppdrætti Suðursveit – Mýrar. Fært hefur verið inn á uppdrátt hringtákn fyrir landnotkunina verslunar- og þjónusta.

Breyting í greinargerð


Á blaðsíðu 39 í gildandi aðalskipulagi er bætt eftirfarandi línu við í töflu 16.1.

VP nr.	Staður, starfsemi og umfang*
VP 38	Nýpugarðar. Ferðaþjónusta, veitingarekstur, gisting ásamt greiðasölu. Uppbygging vegna hennar heimil skv. deiliskipulagi. Allt að 60 gesti. Hringtákn ~ 3ha


Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32.gr.skipulagslaga nr.123/2010 þann _____



Fyrir breytingu, mkv. 1:50.000



Eftir breytingu, mkv.1:50.000



Hluti af sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Hjólréiða, göngu- og reiðstígar
- Rafveita
- Fjarskipti
- Ljósleiðari
- Búsetuminjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fornleifalista
- Minjavernd [mv]
- Verslun og þjónusta [VP]
- Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
- Landbúnaðarsvæði [L]
- Skógræktar og landgræðslusvæði [SL]
- Strandsvæði [st]
- Vötn, ár og sjór [V]
- Rofsævi [rs]

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd:

þann _____ 2017

Bæjarstjórn:
þann _____ 2017

Tillagan var auglýst frá _____ 2017

með athugasemdafresti til _____ 2017

(undirskrift)



Aðalskipulag 8. Nýpugarðar á Mýrum

Tillaga		V01	
Skipulagstekning.dgn	Málkvæði 1:50.000	Staðar nr. A3	Tekning nr. 001
Unnið fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð	Dagsetning 04.09.2017	Tilnefning JH/EDÞ	



Almennt

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á hluta lögbýlis úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 10 ha svæði. Breytingin er gerð til að heimila gistingu fyrir allt að 120 gesti, tjaldstæði með tilheyrandi hreinlætisaðstöðu og (íbúðar) húsnæði m.a. fyrir starfsfólk búsins/ferðaþjónustu.

Staðhættir og aðkoma

Flatey er lögbýli með fastri búsetu. Á jörðinni er íbúðarhús, geymsla, lausagöngufjós og annað sem tilheyrir búrekstri. Skráð ræktað land er 59 ha og er beggja vegna við hringveginn. Fyrirhuguð uppbygging er norðanmegin við veginn þar sem fyrir eru byggingar. Svæðið er flatlent og vel gróið en að stórum hluta uppgrónir áraurar. Ræktað land skerðist óverulega. Innkeyrsla að lögbýlinu er norðanmegin við hringveginn.

Minjar

Engar skráðar minjar eru á svæðinu sem breytingin nær til. Minjar eru skráðar sunnanmegin við hringveginn. Ef áður ókunnar fornminjar finnast skal strax haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Breyting á uppdrætti


Breyting er gerð á skipulagsuppdrætti *Suðursveit – Mýrar*. Fært hefur verið inn á uppdrátt svæðisafmörkun fyrir landnotkunina verslun- og þjónusta.

Breyting í greinargerð


Á blaðsíðu 39 í gildandi aðalskipulagi er bætt eftirfarandi línu við í töflu 16.1

Vb nr.	Staður, starfsemi og umfang*
Vb 43	Flatey. Ferðaþjónusta, gisting, tjaldstæði, þjónustuhús og starfsmannaaðstaða. Allt að 120 gesti. Svæðisafmörkun ~ 10ha.


Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32.gr.skipulagslaga nr.123/2010 þann _____



Fyrir breytingu, mkv: 1.50.000



Eftir breytingu, mkv: 1.50.000



Hluti af sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

	Stofnvegir		Verslun og þjónusta [VP]
	Tengivegir		Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
	Aðrir vegir		Landbúnaðarsvæði [L]
	Hjólreiða, göngu- og reiðstígar		Vötn, ár og sjór [V]
	Rafveita		Strandsvæði [ST]
	Fjarskipti		Hverfisvernd [HV]
	Ljósleiðari		Mörk Vatnajökulsþjóðgarðs
	Búsetuminjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fornleifalista		

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd:

þann _____ 2017

Bæjarstjórn:
þann _____ 2017

Tillagan var auglýst frá _____ 2017

með athugasemdafrestri til _____ 2017

(undirskrift)

 **Aðalskipulag 9. Flatey á Mýrum**

Tillaga		V01	
Skipulagsstilling.dgn	Malkvæði 1:50.000	Staðarö A3	Tekning nr. 001
Unnið fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð	Dagsg. 04.09.2017	Tekin af JH/EDÞ	



Almennt

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á hluta lögbýlis úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 5ha. Breytingin er gerð til að heimila gistingu fyrir allt að 100 gesti.

Staðhættir og aðkoma

Suðurrhús er lögbýli með fastri búsetu á býlinu. Á jörðinni er einbýli, nokkur fjárhús og hlöður. Landinu er skipt úr landi Borgarhafnar. Skráð ræktarland er 15,3ha.

Minjar

Unnið er að skráningu fornminja og húsakönnunar á fyrirhuguðu skipulagssvæði. Ef áður ókunnar fornminjar finnast skal strax haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Breyting á uppdrætti


Breyting er gerð á skipulagsuppdrætti Suðursveit - Mýrar. Fært hefur verið inn á uppdrátt hringtákn fyrir landnotkunina verslun- og þjónusta.

Breyting í greinargerð


Á blaðsíðu 39 í gildandi aðalskipulagi er bætt eftirfarandi línu við í töflu 16.1.

VP nr.	Staður, starfsemi og umfang*
VP 40	Suðurrhús. Úr landi Borgarhafnar. Ferðaþjónusta, gisting í gestahúsum. Allt að 100 gesti. Hringtákn ~ 5ha.


Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32.gr.skipulagslaga nr.123/2010 þann _____



Fyrir breytingu, mkv: 1.50.000



Eftir breytingu, mkv: 1.50.000



Hluti af sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Hjólreiða, göngu- og reiðstígar
- Rafveita
- Fjarskipti
- Ljósleiðari
- Búsetuminjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fortleiðalista
- Minjavernd [mv]
- Verslun og þjónusta [VP]
- Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
- Landbúnaðarsvæði [L]
- Skógræktar og landgræðslusvæði [SL]
- Óbyggð svæði [OB]
- Vötn, ár og sjór [V]
- Önnur náttúruvernd [ÖN] númer visar til skráningar

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd: þann _____ 2017

Bæjarstjórn: þann _____ 2017

Tillagan var auglýst frá _____ 2017

með athugasemdafresti til _____ 2017

(undirskrift)

Aðalskipulag 10. Suðurrhús í Suðursveit

Tillaga		V01
Skipulagstekning.dgn	Malkvæði 1:50.000	Staðaró A3
Únntó fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð	Dag. 04.09.2017	Tekning nr. 001
		Teknað af JH/EDÞ

Almennt

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á hluta lögbýlis úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 3 ha svæði. Fyrirhugað er að gera upp íbúðarhús og hlöðu og byggja upp ferðaþjónustu með gistingu fyrir allt að 60 gesti ásamt greiðasölu.

Staðhættir og aðkoma

Lögbýli án fastrar búsetu, á jörðinni er íbúðarhús, fjós, fjárhús, hesthús, hlöður og geymslur. Byggingar standa í halla norðan hringvegjar, land vel gróið, aðallega graslendi. Skráð ræktarland er tæpir 24 ha. Ræktað land skerðist ekki.

Minjar

Engar skráðar minjar eru á svæðinu eða nærliggjandi svæðum. Ef áður ókunnar fornminjar finnast skal strax haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Breyting á uppdrætti


Breyting er gerð á skipulagsuppdrætti Suðursveit – Mýrar. Fært hefur verið inn á uppdrátt hringtákn fyrir landnotkunina verslun- og þjónusta.

Breyting í greinargerð


Á blaðsíðu 39 í gildandi aðalskipulagi er bætt eftirfarandi línu við í töflu 16.1.

VP nr.	Staður, starfsemi og umfang*
VP 39	Leiti. Ferðaþjónusta, gisting ásamt greiðasölu. Uppbygging vegna hennar heimil skv. deiliskipulagi. Allt að 60 gesti. Hringtákn ~ 3ha

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32.gr.skipulagslaga nr.123/2010 þann _____



Fyrir breytingu, mkv: 1:50:000



Eftir breytingu, mkv: 1:50:000



Hluti af sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Hjólreiða, göngu- og reiðstígar
- Rafveita
- Fjarskipti
- Ljósleiðari
- Ⓡ Búsetumínjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fornleifalista
- Verslun og þjónusta [VP]
- Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
- Landbúnaðarsvæði [L]
- Skógræktar og landgræðslusvæði [SL]
- Óbyggð svæði [OB]
- Vötn, ár og sjór [V]
- Önnur náttúruvernd [ON] númer visar til skráningar

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd:

þann _____ 2017

Bæjarstjórn:

þann _____ 2017

Tillagan var auglýst frá _____ 2017

með athugasemdafresti til _____ 2017

(undirskrift)



Tillaga		V01	
Skipulagsstilling.dgn	Málkvæði 1:50.000	Staðarö A3	Tökningsnr. 001
Umfið fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð	Dagsetning 04.09.2017	Töknaf JH/EDÞ	



4 UMHVERFISSKÝRSLA

Gerð er grein fyrir þeim umhverfispáttum sem líklegir eru að verði fyrir áhrifum af breyttri stefnu aðalskipulagsins. Við matið er notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram koma í töflu nr. 2. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar lagt er mat á vægi áhrifa.

TAFLA 2. Skilgreining á vægi áhrifa.



Í skipulagslýsingunni sem var sameiginleg fyrir fleiri breytingar voru eftirfarandi umhverfispættir skilgreindir og matsspurningar settar fram. Við mat á umhverfisáhrifum þessar ellefu breytinga eru þessir matspættir undir og leitast við að svara matsspurningunum til að meta möguleg áhrif með ákveðin viðmið í tilteknum lögum, reglugerðum og öðrum skjölum sem við á.

TAFLA 3. Umhverfispættir og helstu matsspurningar ásamt viðmiðum.

UMHVERFISPÁTTUR	MATSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðfræði og jarðmyndanir	Munu breytingarnar fela í sér áhrif á jarðmyndandir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, áhersla á 61. gr.
Gróður og dýralíf	Munu breytingarnar hafa áhrif á gróður og dýralíf – vistsvæði og plöntutegundir?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, kafli IX og áhersla á 61. gr.
Landnotkun	Munu breytingarnar hafa áhrif á framboð landbúnaðarlands? Munu breytingarnar hafa áhrif á notkun svæða til útivistar? Munu breytingarnar hafa áhrif á skilgreind verndarsvæði?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, kafli IV. Stefna í gildandi aðalskipulagi um útivist og ferðamennsku. Náttúruminjaskrá svæði nr. 653
Ásýnd og landslag	Munu breytingarnar hafa áhrif á ásýnd svæða? Munu breytingarnar hafa veruleg sjónræn áhrif? Munu breytingarnar hafa áhrif á náttúrulegt landslagi?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 69. gr. Stefna í gildandi aðalskipulagi um mannvirkjagerða í sveitum.
Samfélag	Munu breytingarnar hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu?	Sett markmið í gildandi aðalskipulagi um að efla atvinnu í sveitarfélaginu.
Minjar	Munu breytingarnar hafa áhrifa á friðlýstar eða merktar fornminjar? Munu breytingar hafa áhrif á friðlýstar náttúruminjar ?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar Náttúruminjaskrá, svæði nr. 653. Skráning minja skv. gildandi aðalskipulagi.
Heilsa og öryggi (náttúruvá)	Er hætta á flóðum, m.a. vegna jökulhlaupa á svæðum þar sem fyrirhuguð er uppbygging? Munu breytingarnar hafa áhrif á tengingar við þjóðveginn út frá umferðaröryggi?	Gildandi aðalskipulag, afmörkun svæða undir náttúruvá.

4.1 Valkostir

Þar sem verið er að heimila uppbyggingu við bæjarhlöð og auka heimild á nokkrum stöðum voru ekki settir upp valkostir fyrir þessar breytingar aðrir en uppbygging og svo núllkostur sem miðast við gildandi skipulagi.

TAFLA 4. Umhverfisþættir sem aðalskipulagsbreytingin hefur áhrif á.

VALKOSTUR	JARÐFRÆÐI OG JARÐMYNDANDIR	GRÓÐUR OG DÝRALIF	LANDNOTKUN	ÁSÝND OG LANDSLAG	SAMFÉLAG	MINJAR	HEILSA OG ÖRYGGI
Núll kostur Engin uppbygging á þessum svæðum umfram það sem byggt hefur verið eða heimild er fyrir í gildandi skipulagi.	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Ekki verður frekari uppbygging á þessum svæðum sem getur haft áhrif á atvinnuframboð í sveitarfélaginu og uppbyggingu fyrir starfsfólk í sveitarfélaginu.	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif
1. Hvammur í Lóni Ferðaþjónusta, þjónustuhús, verslun og gisting fyrir allt að 40 gesti á um 5ha svæði.	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif á framboð landbúnaðarlands. Ekki er verið að ganga á svæði sem nýtt er til ræktunar eða telst ákjósanlegt til ræktunar.	Áhrif á ásýnd svæðis vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar. Uppbygging verður í nágrenni núverandi byggðar, sem er landbúnaðarstarfsemi.	Jákvæð áhrif á atvinnuframboð í sveitarfélaginu. Styrkari núverandi byggð.	Minjar hafa verið skráðar á svæðinu. Áhrif óveruleg.	Óveruleg áhrif
2. Þorgeirsstaðir í Lóni Gert ráð fyrir tjaldsvæði, auk uppbyggingar ferðaþjónustu, þ.m.t. gistingu fyrir allt að 60 gesti í húsum.	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif á framboð landbúnaðarlands ekki er verið að ganga á svæði sem nýtt er til ræktunar eða telst ákjósanlegt til ræktunar.	Áhrif á ásýnd svæðis vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar. Uppbygging verður í nágrenni núverandi byggðar, sem er landbúnaðarstarfsemi.	Jákvæð áhrif á atvinnuframboð í sveitarfélaginu. Styrkari núverandi byggð.	Samkvæmt aðalskráningu eru engar minjar. Áhrif óviss vegna ónákvæmrar skráningu minja.	Óveruleg áhrif
3. Horn í Nesjum Tjaldsvæði, veitingar og gisting (húsum) fyrir allt að 120 gesti.	Horn er í jaðri svæðis nr. 653 sem er skilgreint sem önnur svæði á náttúruminjaskrá. Breytingarsvæðið er ekki innan svæðis sem nýttur verndar.	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif á framboð landbúnaðarlands ekki er verið að ganga á svæði sem nýtt er til ræktunar eða telst ákjósanlegt til ræktunar.	Áhrif á ásýnd svæðis vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar. Uppbygging verður í nágrenni núverandi byggðar á jörðinni.	Jákvæð áhrif á atvinnuframboð í sveitarfélaginu. Styrkari núverandi byggð.	Samkvæmt aðalskráningu eru engar minjar. Áhrif hinsvegar óviss vegna ónákvæmrar skráningu minja.	Óveruleg áhrif

VALKOSTUR	JARÐFRÆÐI OG JARÐMYNDANDIR	GRÓÐUR OG DÝRALIF	LANDNOTKUN	ÁSÝND OG LANDSLAG	SAMFÉLAG	MINJAR	HEILSA OG ÖRYGGI
4. Sauðanes í Nesjum Ferðaþjónusta, þ.m.t. gisting fyrir allt að 30 gesti í húsum sem eru á svæðinu.	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif eingöngu verið að setja aðra landnotkun utan um þegar byggt svæði	Fyrirhugað að nýta sem mest húsnæði sem fyrir er á jörðinni.	Óveruleg áhrif starfsemi sem fyrir er og kallar ekki á auka starfsfólk.	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif
5. Hafnarnes-Höfn/Nesjahverfi Ferðaþjónusta, þ.á.m. gisting fyrir allt að 60 gesti og starfsmannaaðstöðu fyrir 5.	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif á framboð landbúnaðarlands ekki er verið að ganga á svæði sem nýtt er til ræktunar eða telst ákjósanleg til ræktunar.	Áhrif á ásýnd svæðis vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar. Uppbygging verður í nágrenni núverandi byggðar á jörðinni.	Jákvæð áhrif á atvinnuframboð í sveitarfélaginu. Styrkari núverandi byggð.	Samkvæmt aðalskráningu eru engar minjar. Áhrif hinsvegar óviss vegna ónákvæmrar skráningu minja.	Óveruleg áhrif
6. Skjólshólar í Nesjum Ferðaþjónusta, þ.m.t. gisting fyrir allt að 60 gesti í húsum.	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif á framboð landbúnaðarlands ekki er verið að ganga á svæði sem nýtt er til ræktunar eða telst ákjósanlegt til ræktunar.	Áhrif á ásýnd svæðis vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar. Uppbygging verður í nágrenni núverandi byggðar á jörðinni.	Jákvæð áhrif á atvinnuframboð í sveitarfélaginu. Styrkari núverandi byggð.	Samkvæmt aðalskráningu eru engar minjar. Áhrif hinsvegar óviss vegna ónákvæmrar skráningu minja.	Óveruleg áhrif
7. Birkifell í Nesjum Auka heimildir til gistingar á Vb13 – um allt að 20 gesti (í húsum).	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif eingöngu verið að setja aðra landnotkun utan um þegar byggt svæði	Fyrirhugað að nýta sem mest húsnæði sem fyrir er á jörðinni.	Óveruleg áhrif starfsemi sem fyrir er og kallar ekki á auka starfsfólk.	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif
8. Nýpugarðar á Mýrum. Ferðaþjónusta, greiðasala og gisting fyrir allt að 60 gesti í húsum.	Breytingin er ekki á svæðum sem njóta sérstakra vernda	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif á framboð landbúnaðarlands ekki er verið að ganga á svæði sem nýtt er til ræktunar eða telst ákjósanlegt til ræktunar.	Áhrif á ásýnd svæðis vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar.	Jákvæð áhrif á atvinnuframboð í sveitarfélaginu. Styrkari núverandi byggð.	Samkvæmt aðalskráningu eru engar minjar. Áhrif hinsvegar óviss vegna ónákvæmrar skráningu minja.	Óveruleg áhrif
9. Flatey á Mýrum Tjaldsvæði, starfsmannaðstaða, ferðaþjónusta, þ.m.t.	Breytingin er ekki á svæðum sem njóta sérstakra vernda	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif á framboð landbúnaðarlands ekki er verið að ganga á	Áhrif á ásýnd svæðis vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar.	Jákvæð áhrif á atvinnuframboð í sveitarfélaginu. Styrkari núverandi byggð.	Samkvæmt aðalskráningu eru engar minjar. Áhrif hinsvegar óviss vegna	Óveruleg áhrif

VALKOSTUR	JARÐFRÆÐI OG JARÐMYNDANDIR	GRÓÐUR OG DÝRALIF	LANDNOTKUN	ÁSÝND OG LANDSLAG	SAMFÉLAG	MINJAR	HEILSA OG ÖRYGGI
gisting í húsum fyrir allt að 12 gesti.			svæði sem nýtt er til ræktunar eða telst ákjósanleg til ræktunar.			ónákvæmrar skráningu minja.	
10. Suðurhús í Suðursveit Ferðapjónusta, þ.m.t. gisting fyrir allt að 100 gesti í húsum.	Breytingin er ekki á svæðum sem njóta sérstakra vernda	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif á framboð landbúnaðarlands ekki er verið að ganga á svæði sem nýtt er til ræktunar eða telst ákjósanleg til ræktunar.	Áhrif á ásýnd svæðis vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar.	Jákvæð áhrif á atvinnuframboð í sveitarfélaginu. Styrkari núverandi byggð.	Unnið er að skráningu fornminja á svæðinu.	Óveruleg áhrif
11. Leiti í Suðursveit Ferðapjónusta, greiðasala og gisting fyrir allt að 60 gesti í húsum.	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif eingöngu verið að setja aðra landnotkun utan um þegar byggt svæði	Fyrirhugað að nýta húsnæðið sem fyrir er á jörðinni	Jákvæð áhrif á atvinnuframboð í sveitarfélaginu. Styrkari núverandi byggð.	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif

4.2 Niðurstaða umhverfismats

Áhrif á fjórum af sjö umhverfispáttum eru talin óveruleg. Áhrif á samfélag eru talin jákvæð þar sem verið er að styðja við atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu og gefa bændum heimild til að styrkja rekstur á bújörðum sínum. Breytingarnar eru að styðja við sett stefnumið í gildandi aðalskipulagi eins og t.d. að ferðapjónusta í sveitum Hornafjarðar verði aukin og eftir atvikum samþætt landbúnaði á lögbýlum og að þar sem umfangsmeiri starfsemi er áformuð, 17 gistirými eða fleiri séu skilgreind „verslunar- og þjónustusvæði“. Sveitarstjórn leggur áherslu á að við stefnumótun landnotkunar fyrir atvinnustarfsemi þurfi ávallt að huga að því hvar starfsfólk eigi að búa/hafa aðstöðu og að tryggt verði, þar sem sækja þarf starfkraft að tímabundin aðstaða þeirra sé góð og í takt við stefnu sveitarfélagsins um gæði byggðar í dreifbýlinu. Eitt af markmiðum með að styrkja atvinnulíf er að efla byggð og að sveitarfélagið geti veitt góða þjónustu við dreifbýlið. Talið er að uppbygging á þessum ellefu svæðum verði jafnt og þétt næstu árin og því mikilvægt að gerð verði grein fyrir þessum þáttum í deiliskipulagsáætlunum fyrir svæðin.

Áhrif á minjar eru að mestu talin óviss þar sem ekki hafa verið skráðar minjar á þessum svæðum. Bent skal á að skv. gildandi skipulagi segir um minjar: „Sveitarfélagið mun í samráði við Minjastofnun Íslands vinna að skráningu fornleifa á skipulagstímabilinu. Skráningu verður áfangaskipt og svæðum þar sem áform eru um mannvirkjagerð forgangsraðað fremst, t.d. þar sem áform eru um uppbyggingu miðstöðva og lykilstaða vegna ferðapjónustu.“ Við deiliskipulagsgerð á þessum svæðum skal skrá minjar.

Áhrif á ásýnd er í heildina litið neikvæð, ef tekið er mið af núverandi stöðu þar sem nýjar byggingar hafa ávallt einhver áhrif á ásýnd svæða. Áhrifin eru hinsvegar á afmörkuðum svæðum og að einhverju leiti afturkræf þar sem um er að ræða minni byggingar s.s. lítil gistihús. Setja skal skilmála í deiliskipulagsáætlunir á hverju svæði um útlit bygginga og horfa til skilmálanna sem settir eru í gildandi aðalskipulagi um uppbyggingu afþreyingar- og ferðamannastaða og verslunar og þjónustu í sveitum. Í skilmálum í kafla 16.3 og 22.7 í gildandi aðalskipulagi er áhersla á að nýjar byggingar taki mið af þegar byggðu umhverfi og landslagi svæða. Stefna sveitarfélagsins (í kafla 7.1.1. í gildandi aðalskipulagi) um uppbyggingu ferðapjónustu í sveitum er m.a. að samræma hana með tilliti til samlegðaráhrifa hennar innan sveitarfélagsins. Hafa skal þetta í huga við gerð deiliskipulagsáætlana á hverju svæði.

Áhersla skal lögð á að við gerð deiliskipulags verði náttúrvá á hverju svæði metin og samráð haft við Veðurstofu ef tilefni er til þess. Minnt er á að framkvæmdir kunna að falla undir tölulið 12.05 um orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis og verður tekin afstaða til þess, þegar útfærðar tillögur liggja fyrir.

Samantekt áhrif fyrir hvert svæði:

1. **Hvammur:** Óveruleg áhrif, þótt yfirbragð svæðis breytist að einhverju leyti við uppbyggingu ferðapjónustu á landbúnaðarsvæði. Uppbygging styrkir núverandi byggð þar sem hún eykur möguleika á atvinnu í Lóni.
2. **Þorgeirsstaðir:** Óveruleg áhrif, þótt yfirbragð svæðis breytist að einhverju leyti við uppbyggingu ferðapjónustu á landbúnaðarsvæði. Uppbygging styrkir núverandi byggð þar sem hún eykur möguleika á atvinnu í Lóni.

3. **Horn:** Óveruleg áhrif uppbygging mun ekki spilla svæði á náttúruminjaskrá sem er sýnt á uppdrætti. Nú þegar er rekin ferðapjónusta á jörðinni í samræmi við heimildir aðalskipulags. Uppbygging styrkir núverandi byggð þar sem hún eykur möguleika á atvinnu.
4. **Sauðanes:** Óveruleg áhrif, þótt yfirbragð svæðis breytist að einhverju leyti við uppbyggingu ferðapjónustu á landbúnaðarsvæði. Uppbygging styrkir núverandi byggð þar sem hún eykur möguleika á atvinnu í Nesjum en einnig á Höfn.
5. **Hafnarnes:** Óveruleg áhrif, þótt yfirbragð svæðis breytist að einhverju leyti við uppbyggingu ferðapjónustu á landbúnaðarsvæði. Uppbygging styrkir núverandi byggð þar sem hún eykur möguleika á atvinnu í Nesjum en einnig á Höfn.
6. **Skjólshólar:** Óveruleg áhrif, þótt yfirbragð svæðis breytist að einhverju leyti við uppbyggingu ferðapjónustu á landbúnaðarsvæði. Uppbygging styrkir núverandi byggð þar sem hún eykur möguleika á atvinnu í Nesjum en einnig á Höfn.
7. **Birkifell:** Óveruleg áhrif. Nú þegar er rekin takmörkuð ferðapjónusta á jörðinni í samræmi við heimildir aðalskipulags. Uppbygging styrkir núverandi byggð þar sem hún eykur möguleika á atvinnu í Nesjum og víðar.
8. **Nýpugarðar:** Óveruleg áhrif, þótt yfirbragð svæðis breytist að einhverju leyti við uppbyggingu ferðapjónustu á landbúnaðarsvæði. Uppbygging styrkir núverandi byggð þar sem hún eykur möguleika á atvinnu á Mýrum og víðar.
9. **Flatey:** Óveruleg áhrif, þótt yfirbragð svæðis breytist að einhverju leyti við uppbyggingu ferðapjónustu á landbúnaðarsvæði. Uppbygging styrkir núverandi byggð þar sem hún eykur möguleika á atvinnu á Mýrum og víðar.
10. **Suðurhús:** Óveruleg áhrif, þótt yfirbragð svæðis breytist að einhverju leyti við uppbyggingu ferðapjónustu á landbúnaðarsvæði. Uppbygging styrkir núverandi byggð þar sem hún eykur möguleika á atvinnu á Mýrum og víðar.
11. **Leiti:** Óveruleg áhrif, þótt yfirbragð svæðis breytist að einhverju leyti við uppbyggingu ferðapjónustu þá er nú þegar rekin ferðapjónusta í næsta nágrenni. Uppbygging styrkir núverandi byggð þar sem hún eykur möguleika á atvinnu í Suðursveit.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

í samræmi við 32.gr.skipulagslaga nr.123/2010

þann _____
